

## Afmælisræða – 20 ára afmæli

### Frú forseti, bæjarstjóri, kæra samstarfsfólk og nemendur og aðrir góðir gestir

Það er mikill heiður að standa hér í dag og fagna 20 ára afmæli skólans. Akurskóli hóf formlega starfsemi haustið 2005 og var vígður 9. nóvember sama ár. Þessi tveir áratugir sem liðið hafa frá upphafi skólastarfs í Akurskóla hafa einkennst af vexti, lærdómi og velgengni.

Sagan okkar hófst formlega með fyrstu skóflustungunni þann 20. mars 2004 en lengi hafði verið beðið eftir skóla í Innri Njarðvík. Nemendur í Innri Njarðvík höfðu sótt Njarðvíkurskóla fram að þeim tíma og ég man þegar ég var í grunnskóla í Njarðvík og krakkarnir úr Innri – Njarðvík komu með rútu þá fannst okkur þau bara vera að koma úr sveitinni. Og ég fór aldrei inn í Innri-Njarðvík að leika, það var svo langt að fara.

Akurskóli var strax hugsaður sem opinn skóli með samkennslu í stórum rýmum. Þegar starfsemi hófst haustið 2005 voru 85 nemendur í 1. – 5. bekk og 15 starfsmenn.

Strax frá upphafi var lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara og útinám og hafa þessar áherslur haldist öll þessi 20 ár. Í áranna rás hefur Akurskóli stækkað en á skólaárinu 2025–2026 eru skráðir 340 nemendur og við skólann starfa 77 starfsmenn. Mest voru þó 550 nemendur í skólanum og 80 starfsmenn þegar Akurskóli var með útibú upp á Dalsbraut þar sem nú er Stapaskóli.

Strax á fyrstu árum skólans stækkaði skólinn ekki bara fjölgaði nemendum heldur bættust við hann fleiri stofur og íþróttahús og sundlaug. Þá opnaði Reykjanesbær sértækt námsúrræði við skólann Lindina árið 2021. Og við höfum alla tíð tengst umhverfinu okkar og menningu en bókasafnið okkar ber nafnið **Thorkellistofa** til að heiðra minningu Jóns Þorkelssonar Thorcillius, fæddan í Innri-Njarðvík árið 1697 en hann lét allar eignir sínar renna til uppeldis og menntunar barna á svæðinu. Þá fengu kennslurýmin í skólanum gömul bæjarnöfn sem minnir á svæðið í kringum okkur og gömul örnefni.

Skólinn hefur tvisvar sinnum flaggað **Grænfánanum** og tvisvar sinnum fengið Hvatningarverðlaun menntaráðs. Á 10 ára afmæli skólans árið 2015 var Rauðhöfði, listaverk sem nemendur unnu að, vígt á skólalóðinni og efnt var til samkeppni um skólasöng Akurskóla sem við heyrum hér á eftir.

Í Akurskóla hefur ríkt nokkuð mikill stöðugleiki í stjórnun en aðeins tveir skólastjórar hafa stýrt skólanum frá upphafi: Jónína Ágústsdóttir frá 2005 til 2012 og núverandi skólastjóri frá hausti 2012. Sex aðstoðarskólastjórar hafa starfað við skólann og aðstoðarskólastjóri í dag er Þormóður Logi Björnsson.

Við stofnun Akurskóla var einkunnarsetningin okkar

**„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús.“** og má heyra þessi orð endurspeglast í skólasöngnum okkar sem verður sunginn hér á eftir.

Í dag höfum við þróað gildin okkar áfram og eru þau nú:

**Virðing – Gleði – Velgengni.**

Þessi gildi eru leiðarljós í öllu starfi skólans og endurspeglast í samskiptum, kennsluháttum og menningu skólans.

Og það er ekki bara Akurskóli sem hefur breyst á þessum 20 árum. Reykjanesbær var öðruvísi þá en hann er núna. Í bænum árið 2005 voru um 11.000 íbúar en í dag eru þeir um 22.000 sem er rúmlega 50% aukning á íbúafjölda. Það var varla byggð fyrir ofan Urðabraut en núna er þar heilt hverfi og annað í uppbyggingu og annar skóli kominn í Innri Njarðvík. Herstöðin var enn á Ásbrú en nú er þar almenn byggð og enn einn grunnskólinn. Það eru ótrúlegar breytingar sem átt hafa sér stað á 20 árum sem sumum hér inni finnst vera mjög stuttur tími.

Í Akurskóla leggjum við áherslu á að hafa nemendur í forgrunni og skapa jöfn tækifæri til náms. Leitast er við að mæta ólíkum þörfum nemenda út frá námsstíl, námshæfni og áhuga. Teymiskennsla og fjölbreyttir kennsluhættir einkenna starfið sem hvílir á grunnstoðum uppbyggingarstefnunnar. Við notum náttúruna og umhverfið til útináms og stefnum alltaf á jákvæð og öflug samskipti við foreldra.

Á svona hátíðarstundum er mikilvægt að minna á þann faglega metnað sem hér ríkir. Þar spilar starfsfólkið stærsta þáttinn. Ég segi svo oft að ég gæti ekki verið heppnari með fólk sem hefur valið að vinna hér í Akurskóla. Mig langar að þakka öllum, starfsfólki og stjórnendum, núverandi og fyrrverandi, fyrir að veita skólanum faglega forystu og vinna af heilindum sín störf.

Kæru nemendur, þið eruð merki skólans, plönturnar sem vaxa upp af fræjum á akri. Við hlúum að ykkur og leggjum allt kapp á að efla sjálfsmynd ykkar og sjálfstraust.

Þegar ég horfi yfir þessi tuttugu ár sem Akurskóli hefur starfað, fyllist ég þakklæti. Það hefur verið mér sannur heiður að fá að leiða Akurskóla síðustu 13 árin þar

sem börn, foreldrar og starfsfólk vinna saman að námi og þroska barnanna í hverfinu.

Við höfum byggt upp skóla sem er **traustur, faglegur og hlýlegur** og sem speglar það samfélag sem við viljum búa í – **samfélag virðingar, gleði og velgengni**.

Við horfum stolt til baka – og enn stoltari fram á veginn. Megi Akurskóli eiga bjarta framtíð!

**Til hamingju með daginn – til hamingju með Akurskóla!**

Takk fyrir!